

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. október 2010  
Tilvísun: UST20101000050/bs

## Strandavegur (643), Djúpvegur - Geirmundarstaðavegur í Strandabyggð. Umsögn um matsskyldu

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 11 október 2010 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða 2,8 km langan vegakafla frá Djúpvegi skammt austan núverandi brúar á Staðará að Geirmundarstaðavegi í mynni Selárdals. Umræddur kafla Strandavegar liggur á um 2,3 km kafla um áreyrar, leirur, sjávarfitjar, fjörur og grunnsævi.

Umhverfisstofnun bendir á að hugsanlega hefði skipting umrædds vegakafla í tvennt um Stakknes haft í för með sér markvissari umfjöllun þar sem að vissu leyti ólík sjónarmið ráða staðsetningu vegarins annars vegar um Staðará og hins vegar um norðanverðan Steingrímsfjörð.

*Vegur um Staðará: Um fyrirhugað vegstæði segir m.a. í tilkynningarskýrslu: Nýlagning vegar mun fara fram norður hluta leirunnar og svo uppi á grasbökkum/sjávarfitjum. Veglagningin mun liggja á mörkum tveggja búsvæða sem eru sjávarbakkar með grasi og fitjum annars vegar og leirunnar hinsvegar. Þessi mörk munu að hluta til hverfa undir veg en aðallega mun vegurinn vera í öðru hvoru búsvæðinu. Efsti hluti leirunnar er einsleitur og líflítill með tilliti til smádýralífs.*

Sjávarfitjar og leirur eru meðal þeirra jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Helstu röksemdir fyrir legu Strandavegar á leirum og grunnsævi sem fram koma í tilkynningarskýrslu eru annars vegar stytting vegalengda milli Drangsness og Hólmavíkur og hins vegar snjósöfnun í hlíðinni utan við Stakkanes.

Umhverfisstofnun bendir á að umfjöllun í kafla 4.1 þættir sem líklega valda umhverfisáhrifum virðist ekki í samræmi við dóm Hæstaréttar nr. 671/2008, en þar segir m.a. *Eðli málsins samkvæmt eiga atriði af þessum meiði (s.s. stytting vegalengda og slyshætta) það sammerkt að þau eru grundvallarþættir í tilgangi og markmiði vegalagningar. Af þeim sökum geta þau ekki jafnframt talist sjálfstætt til afleiðinga slíkrar framkvæmda, sem horft verði til við mat á umhverfisáhrifum hennar.*

Í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd kemur skýrt fram að forðast skuli röskun sjávarfitja og leira eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur að staðsetning Strandavegar á ósum Staðarár muni hafa verulega neikvæð umhverfisáhrif í för með sér vegna röskunar sjávarfitja og leira.

Stofnunin telur að endurbygging núverandi vegar um Staðará teljist betri valkostur þar sem sú framkvæmd mun ekki fela í sér röskun leira og sjávarfitja.

Vegagerð utan Stakkaness: Á þessum kafla Strandavegar er fjallað um tvær veglínur. Annars vegar er um að ræða endurbyggingu núverandi vegar og hins vegar veglínu sem liggja mun um fjörur og grunnsævi u. þ. b. frá stöð 700 að stöð. 2300.


Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð veglagning í fjöru og grunnsævi muni hafa talsverð neikvæð áhrif á fjörur og landslag. Sjónræn áhrif framkvæmdarinnar geta orðið meiri en ella þar sem vegurinn verður á nokkrum stöðum ótengdur landi. Á þessum stöðum stendur vegurinn einn mislangt frá landi. Svæðin sem myndast milli vegar og lands verða hvorki fjara né lón og þannig slitin úr fyrra samhengi. Hæð vegarins verður nokkuð yfir stórstraumsflóði og auk þess mun grjótvörn sjávarmegin gera mannvirkið enn meira áberandi.

Staðhæft er í tilkynningarskýrslu bls. 20 að sjónræn áhrif endurbyggingar núverandi vegar verði meiri en fyrrnefnd nýlagning. Ekki eru færð rök fyrir þessari staðhæfingu.

Umhverfisstofnun telur að við endurbyggingu núverandi vegar gefist ákveðin tækifæri til að fella fyllingar og skeringar að landi sem ekki eru fyrir hendi ef vegur er lagður á grunnsævi. Skeringar og fyllingar í hlíðinni er unnt að móta þannig að þær falli að landi auk þess er oft unnt að draga úr sjónrænum áhrifum með uppgræðslu.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð veglagning um ósa Staðarár muni hafa verulega neikvæð áhrif á leirur og sjávarfitjar. Stofnunin telur að fyrirhuguð veglagning á grunnsævi og í fjöru utan Stakkaness muni hafa talsverð neikvæð áhrif á fjörur og landslag.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson



Hjalti J Guðmundsson  
Sviðsstjóri